

Rökræðukönnun: Til hvers, fyrir hvern og hvernig?

Hver sem er getur haldið rökræðukönnun, frjáls félagasamtök, stjórnvöld, stjórnmalaflokkar, fyrirtæki. Hér er þó fyrst og fremst miðað við rökræðukönnun sem haldin er á vegum er sveitarfélags, Reykjavíkurborgar, ríkisstjórnarinnar eða Alþingis. Lykilatriði er um framkvæmdina að hún sé skipulögð í nægilegu samráði við hagsmunaaðila til þess að tryggja megi að ekki komi fram veigamiklar efasemdir um gildi niðurstaðna könnunarinnar.

Almennt um framkvæmd og tilgang

Rökræðukönnun er leið til að kanna viðhorf upplýsts almennings þannig að slíkar upplýsingar megi nýta við pólitíska stefnumótun. Blandað er saman hefðbundinni skoðanakönnun annarsvegar—þar sem viðhorf marktæks úrtaks almennings til þess efnis sem taka á fyrir er kannað—og rökræðum um þetta efni hinsvegar. Ekki er gert ráð fyrir því að sá hópur sem tekur þátt í rökræðum nái samkomulagi, megintilgangur rökræðukönnunar er að fá traustari þekkingu á raunverulegum viðhorfum almennings með því að gefa fólki ekki aðeins kost á að tjá skoðanir sínar heldur rökræða viðhorf sín við aðra og fá eins góða aðstöðu og mögulegt er til að mynda sér skoðun á efninu, endurskoða viðhorf sín eða fara betur í saumana á forsendum eigin skoðunar.

Undirbúningur rökræðukönnunar

Fyrsta skref könnunarinnar felst í því að gerð er skoðanakönnun, til dæmis símakönnun, þar sem spurt er um viðhorf þeirra sem í úrtakinu lenda til þess efnis sem fjalla á um. Þetta getur verið einföld spurning eða flókin, ein eða margar eftir atvikum. Efnið getur verið eldheitt deiluefni, eða mál sem ekki hefur verið í brennideplinum, það skiptir í sjálfu sér ekki máli um árangur eða tilgang rökræðukönnunarinnar hvort heldur er.

Um leið og þessi upphafskönnun er gerð, eru svarendur spurðir hvort þeir gætu hugsað sér að taka þátt í eins dags umræðufundi um efnið þar sem markmiðið væri að rökræða allar hliðar þess í stærri hópi og með aðgangi að öllum nauðsynlegum upplýsingum, þátttöku viðurkenndra sérfræðinga um efnið o.s.frv. Í kjölfar könnunarinnar fá þeir sem svara þessu játandi svo sent boð á rökræðukönnunina með frekari upplýsingum um hana og framkvæmd hennar. Reynt er að tryggja sem mesta þátttöku, viðburðurinn hugsanlega gerður spennandi með fjölbreyttari hætti en þeim sem felst í kynningu á efninu og rökræðunum, en að sjálfsgöðu er þess ekki að vænta að næstum allir sem eru í upphaflega úrtakinu komi á fundinn.

Annað skrefið felst í því að útbúa kynningarefni sem annarsvegar er sent væntanlegum þátttakendum, hinsvegar lagt fram á fundinum sjálfum. Mikilvægt er að allir hagsmunaaðilar sem máli skipta taki þátt í að útbúa slíkt efni og algjört lykilatriði um árangur fundarins að ekki sé deilt um framsetningu eða innihald þess.

Um leið eru sérfræðingar fengnir til liðs við skipuleggjendur til að aðstoða við að útbúa kynningarefnið og ákveðið með hvaða hætti þeir taka þátt í fundinum. Lóðsar er fundnir og þjálfaðir, en þeirra hlutverk er að halda utan um umræður og stýra þeim (og um leið sjá til þess að þeim sé ekki stýrt í ákveðna átt eða með ákveðna niðurstöðu í huga).

Í ljósi væntinga um þátttöku er húsnæði undirbúið og öll aðstaða gerð þannig úr garði að þjónusta megið þátttakendur á sem allra bestan og skilvirkastan hátt, útvega nauðsynleg gögn sem hugsanlega verður beðið um, svara spurningum sem upp kunna og koma og síðast en ekki síst gera allan aðbúnað aðlaðandi og huggulegan þannig að upplifun þátttakenda sé almennt sem best.

Rökræðufundurinn

Þegar kemur að fundinum sjálfum er tekið á móti hópnum í einu lagi til að byrja með og fyrirkomulagið kynnt fyrir honum. Um leið er lögð fyrir hópinn sama könnun og upphaflega símakönnunin. Fundurinn sjálfur fer þannig fram að skipt er í hópa sem geta tekist á við mismunandi spurningar eða einu og sömu spurninguna eftir því hvert efnið er, hvort það er ein spurning eða margar, flókið efni eða einfalt og svo framvegis. Lóðsar halda utan um umræðu hvers hóps. Reynt er að gefa öllum kost á að ræða til hlítar þau mál sem taka þarf afstöðu til í lok fundarins.

Rökræðufundinum lýkur með því að gerð er síðasta skoðanakönnunin sem nú endurspeglar viðhorf hópsins eftir að hann hefur fengið tækifæri til að kynna sér málið eins og vel og hægt er á þeim tíma sem til umræða er og í ljósi þeirra gagna sem útbúin hafa verið. Niðurstaða fundarins er niðurstaða síðustu skoðanakönnunarinnar – og um leið er áhugaverða spurningin hvort sú niðurstaða sé ólík upphaflegri niðurstöðu skoðanakönnunarinnar.

Úrvinnsla

Gera verður ráð fyrir því að niðurstöður fundarins seu nýttar til að rökstyðja stefnumótun eða stefnumótandi ákvarðanir um það mál sem til umræðu var á fundinum. Háskólastofnanirnar geta að sjálfsögðu einnig nýtt þær í rannsóknaskyni. Einnig myndi þessi atburður blása lífi í umræður um þátttökulýðræði. Kosturinn við rökræðukannanir er sá að þær snúast um stefnumótunina frekar en um ákvörðunina. Það er ekki verið að kalla saman fulltrúa almennings til að taka ákvörðun heldur er verið að vinna með skoðanir og viðhorf og spyrja hvernig líklegt sé að þau þróist þegar skapaðar eru kjöraðstæður til að ræða þau.

Sjá einnig Center for Deliberative Democracy: www.cdd.stanford.edu

Gott lesefni um rökræðukannanir:

Fishkin, James S. 2009. *When the people speak: deliberative democracy and public consultation*. Oxford University Press.

Hansen, Kaspar M. 2004. "Deliberative Democracy and Opinion Formation."

Doktorsritgerð. <http://www.kaspermhansen.eu/Work/Hansen2004.pdf>.